

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Móar.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst að skipulagsmörk færast, hnitum og málsetningum er bætt inn. Stærð skipulagssvæðis er um 1,8 ha. Byggingarreitir B3 og B5, ásamt skilmálum þeirra, breytast nokkuð. B3 – Breytingin felur í sér að færa byggingarreit gróðurhúss í norður, við hlið byggingarreits B1 og heimila stærð gróðurhússins í allt að 80 m². B5 – Breytingin felur í sér að breyta þjónustu- og veitingahúsinu í 4 íbúðir, um 25 m² hver íbúð, og þá auka byggingarheimildir úr 70 m² í 100 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 25. september 2024.

Deiliskipulag, Melahverfi, 3. áfangi.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag nýrrar íbúðarbyggðar austan við núverandi byggð, svæðið er óbyggt. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir allt að 68 íbúðum. Skipulagssvæðið er um 8,2 ha.

Samþykkt í sveitarstjórn 25. september 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið meðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 21. október 2024.

Jökull Helgason skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. nóvember 2024